

Forsætisnefnd

Ár 2021, föstudaginn 30. apríl, var haldinn 289. fundur forsætisnefndar. Fundurinn var haldinn í Tjarnarbúð og hófst kl. 10:37. Viðstödd voru Pawel Bartoszek, Kristín Soffía Jónsdóttir og Eyþór Laxdal Arnalds. Eftirtalinn áheyrnarfulltrúi tók sæti á fundinum: Vigdís Hauksdóttir. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 1436/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðaákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Sabine Leskopf, Marta Guðjónsdóttir, Alexandra Briem, Elín Oddný Sigurðardóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir og Kolbrún Baldursdóttir. Eftirtaldir starfsmenn og embættismenn sátu fundinn: Helga Björk Laxdal og Bjarni Þóroddsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram drög að dagskrá fundar borgarstjórnar 4. maí 2021.

Forsætisnefnd óskar eftir að eftirtalin mál verði tekin á dagskrá sem sérstakir dagskrárliðir með vísan til samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar:

- a) Tillaga um framlengingu á heimild til notkunar á fjarfundarbúnaði, sbr. 3. lið fundargerðar forsætisnefndar frá 30. apríl
- b) Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2020, sbr. 1. lið fundargerðar borgarráðs frá 29. apríl 2021 – fyrri umræða
- c) Hámarkshraðaáætlun Reykjavíkurborgar, sbr. 20. lið fundargerðar borgarráðs frá 29. apríl
- d) Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að Malbikunarstöðin Höfði verði seld
- e) Umræða um byggingarstefnu borgarinnar (að beiðni borgarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands)
- f) Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um sálfræðiaðstoð til starfsfólks og foreldra vegna COVID-19 smita í leik- og grunnskólum
- g) Tillaga borgarfulltrúa Miðflokksins um uppbyggingu blandaðrar byggðar í Úlfarsárdal

Lögð fram svohljóðandi tillaga forsætisnefndar:

Lagt til að við fyrri umræðu um ársreikning verði oddvitaumræða og ræðutími 20 mínútur í fyrri ræðu en að öðru leyti skv. samþykktum.

Samþykkt.

2. Lögð fram svohljóðandi tillaga forseta:

Lagt til að fyrirkomulag aukafundar borgarstjórnar vegna síðari umræðu um ársreikning þann 11. maí 2021 verði eftirfarandi: 1. Dagskrá: Einungis eitt mál verður á fundinum: Síðari umræða um ársreikning 2020. 2. Lengd fundar: Fundurinn stendur yfir 14:00-18:30. Ekki verður kvöldmatarhlé á fundinum. 3. Mælandaskrá: Borgarstjóri hefur umræðuna og lýkur henni. Öðrum borgarfulltrúum sem óska að taka til máls, er ráðað á mælandaskrá af skrifstofu borgarstjórnar, sem skal við uppröðunina taka mið af stærð flokka. 4. Ræðutími: Ræðutími oddvita skal vera 15 mínútur, en ræðutími annarra borgarfulltrúa 8 mínútur. 5. Hve oft má tala: Hver borgarfulltrúi tekur til máls einu sinni. Ef útlit er fyrir að fundur klárast fyrir 18:30 er borgarfulltrúum heimilt að óska eftir taka til máls öðru sinni í 5 mínútur, en þó ekki þannig að umræðan fari fram yfir kl. 18:30. Sama gildi um varamenn sem taka sæti á miðjum fundi, hafi aðalmaður þeirra þegar haldið ræðu. 6. Andsvör: Andsvör verð heimil í samræmi við fundarsköp borgarstjórnar. 7. Bókanir: Óskað er eftir að bókanir berist fyrir kl. 16:00. Heimilt er að lesa upp bókun í ræðu en ekki er reiknað með sérstökum tíma í lestur bókana í lok fundar heldur verða þær framsendar á alla borgarfulltrúa.

Samþykkt.

3. Lögð fram tillaga um framlengingu á heimildum til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi til 22. júlí 2021. Vísað til borgarstjórnar.

Fundi slitið kl. 11:03

Pawel Bartoszek

Kristín Soffía Jónsdóttir
Sabine Leskopf

Eyþór Laxdal Arnalds
Marta Guðjónsdóttir